

## STJÓRNARFUNDUR SSNV HALDINN Á KAFFI KRÓK, SAUÐÁRKRÓKI ÞRIÐJUDAGINN 4. DESEMBER 2012 KL 12:00

Þriðjudaginn 4. desember 2012 kom stjórn SSNV saman til fundar á Kaffi Krók, á Sauðárkróki.

Mætt voru. Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Hanna Þrúður Þórðardóttir Leó Örn Þorleifsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Ályktanir 20. ársþings.** Lagðar fram ályktanir 20. ársþings SSNV. Ályktanirnar hafa verið senda ráðuneytum, þingmönnum kjördæmisins og þeim stofnunum sem ályktanir beinast að. Formanni og framkvæmdastjóra falið að fylgja ályktunum eftir með fundum með ráðherrum.
2. **Tilnefning aðal og varamanns í Menningarráð Norðurlands vestra.** Stjórn SSNV tilnefnir Bjarna Jónsson formann sem aðalman og Þóru Sverrisdóttir varaformann til vara.
3. **Sóknaráætlun landshluta**
  - a. **Ákvörðun um skiptingu framlaga milli landshluta.** Lögð fram til kynningar fréttatilkynning forsætisráðuneytisins frá 27. nóvember og varðar, úthlutun 400 milljóna króna í sóknaráætlanir landshluta fyrir árið 2013. Fjármagninu var deilt á átta landshluta og er þeim ætlað að ákvarða á grundvelli sóknaráætlana hvernig fjármagninu verður varið. Við skiptingu fjármuna var horft til þess að árið 2013 er reynsluár. Ekki var horft til annarra samninga og ekki gert ráð fyrir fastri grunnfjárhæð fyrir hvern landshluta. Skiptingin var ákveðin á grundvelli fimm viðmiða, þ.e. íbúafjölda, íbúapróunar, atvinnuleysis, íbúabéttleika og hagvaxtar. Kvarði allra viðmiðanna er 0-15 og vægi þeirra eftirfarandi: íbúafjöldi 35%, íbúapróun 20%, atvinnuleysi 15%, íbúabéttleiki 15%, hagvöxtur 15%. Þessi fimm viðmið endurspeglar þær breytur sem ríkisstjórnin taldi helst skipta máli við mat á stöðu landshluta. Þau tvö viðmið sem mest vægi hafa eru íbúafjöldi og þróun hans, samtals 55%. Í hlut Norðurlands vestra komu 43,5 milljónir króna.
  - b. **Bréf jöfnunarsjóðs frá 7. nóvember 2012.** Í bréfinu er kynnt ákvörðun ráðgjafanefndar sjóðsins um skiptingu 25 milljóna króna framlags til landshlutasamtakana vegna kostnaðar við gerða sóknaráætlana landshluta. Samkvæmt ákvörðun sjóðsins munu 12 milljónum verða skipt jafnt milli landshlutasamtakana átta, eða 1,5 milljónir á hver samtök. Jafnframt var samþykkt að ráðstöfun eftirstöðvanna, 13 milljónum króna væri tekið mið af landfræðilegum aðstæðum þ.e. samgöngum, vegalengdum innan hvers svæðis og til höfuðborgarinnar vegna boðaðra funda þar.
  - c. **Umræður um næstu skref í verkefninu.** Umræður urðu um næstu skref í gerð sóknaráætlunar Norðurlands vestra. Kallað hefur verið eftir tilnefningum tæplega 50 aðila í samráðsvettvang. Enn hafa ekki allar tilnefningar skilað sér. Stefnt er að því að kalla samráðsvettvanginn saman til fundar í byrjun janúar 2013. Umræður urðu um stofnun framkvæmdaráðs sem vinna mun úr tillögum samráðsvettvangs líkt og kveðið er á um í leiðbeiningum um

gerð sóknaráætlunar.

*Stjórn SSNV samþykkir að myndað verði 10 manna framkvæmaráð sem samsett verði eftirfarandi. Stjórn SSNV, samtals fimm aðilar. Fimm aðilar kosnir af samráðvettvangi og skulu þeir ekki koma úr hópi sveitarstjórnarmanna.*

*Rökin fyrir þessari samsetningu framkvæmaráðs er að stjórn SSNV ber ábyrgð á verkefninu og því mikilvægt að stjórnarmenn séu tengdir þeirri ábyrgð með beinum hætti.*

4. **Bréf Snorraverkefnisins dags 8. nóvember 212.** Í bréfinu er óskað fjárstuðnings við verkefnið vegna ársins 2013 kr. 100 þús. *Stjórn SSNV sér sér ekki fært að styðja við verkefnið.*
5. **Almenningssamgöngur – afrit af bréfi Innanríkisráðuneytisins til Vegagerðarinnar dags 4. júlí 2012.** Í bréfinu er kynnt tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna utan höfuðborgarsvæðisins með vísan til ákvæðis í samgönguáætlun 2011-2022 þar sem tilgreint er sérstakt framlag til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem nemur 1.000 milljónum króna á ári frá og með 2013. Um er að ræða ráðstöfun 100 milljón króna framlags frá og með 2013 í rekstur almenningssamgangna milli höfuðborgarsvæðisins og byggðakjarna á áhrifasvæði þess að undangengnum samningum við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga. Vísað er til 6. greinar samnings Vegagerðarinnar og SSH (Samtaka sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu) frá 7. maí 2012 um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið er m.a. að þróa skipulag almenningssamgangna milli byggðakjarna á landsvísu, búa til skilvirkar tengingar sem samþætta almenningssamgöngur við grunnkerfið á SV horninu þannig að allir landshlutar verði tengdir saman. Vegagerðinni er falið að ganga til samninga við landshlutasamtök sveitarfélaga um framlagið sem komi til viðbótar framlagi skv. núgildandi samningum Vegagerðarinnar og viðkomandi landshlutasamtaka um rekstur almenningssamgangna á sínu svæði. Í bréfinu kemur fram að viðbótarframlag SSNV, FV, Eypings og SSA verði 3.250.000 kr. á hver samtök frá og með 2013. Gerð er krafa um samvinnu landshlutasamtaka um skipulag þessara fólksflutninga til að tryggja skilvirkt flæði farþega milli almenningssamgöngukerfa svæðanna.  
*Stjórn SSNV fagnar auknum framlögum til eflingar almenningssamgangna á Norðurlandi vestra. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ganga til viðræðna við Vegagerðina um samningsgerð vegna þessa.*  
Undir þessum lið urðu miklar umræður um reynsluna af breyttum almenningssamgöngum á Norðurlandi vestra fram til þessa. Stjórnin er sammála um að verkefnið hafi gengið mjög vel fram til þessa en leggur áherslu á að gera þurfi úrbætur á aðstöðu m.a við gatnamót Hvammstangavegar 711.
6. **Fundargerðir**
  - a. **Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélag frá 23. nóvember.** Lögð fram til kynningar.
7. **Önnur mál.**
  - a) **Skipulagsbreytingar hjá Vegagerðinni á Norðurlandi.**  
Formaður ræddi boðaðar skipulagsbreytingar hjá Vegagerðinni á Norðurlandi með sameiningu umdæma og mögulega fækkun stjórnunarstarfa á svæðinu sem af því kunni að hljóta. Áform eru uppi um að starfsemi Vegagerðarinnar á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra verði sameinaðar í

Norðurlandsumdæmi. Málið hefur ekki verið kynnt sveitarstjórnnum eða landshlutasamtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra eða álits þeirra leitað. Stjórn SSNV vekur sérstaka athygli á að í nýlega samþykktum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 í 97. gr. þar sem fjallað er um landshlutasamtök sveitarfélaga. Þar segir að „*Ráðuneyti og opinberar stofnanir skulu ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega*“. Framkvæmdastjóra falið að senda bréf til ráðuneyta og stofnanna ríkisins þar sem vakin er sérstök athygli á þessu ákvæði að ítrekuðu gefnu tilefni.

- b) Hækkunir á verði rafmagns.** Stjórn SSNV vestra mótmælir harðlega boðuðum gjaldskrárhækkunum Landsnets á dreifingu rafmagns. Að mati stjórnarinnar mun hækkunin fyrst og fremst bitna á íbúum á köldum svæðum sem kynda þurfa húsnæði með raforku. Stjórnin bendir á að Landsnets er hlutafélag í eigu ríkisins og starfar á einokunarmarkaði. Á síðasta ári nam hagnaður fyrirtækisins 840 milljónum króna, og hagnaður fyrstu sex mánuði ársins var um 236 milljónum. Eigið fé félagsins nam um 12,7 milljörðum króna í lok júní. Ljóst er á þessum tölum að fyrirtækið stendur sterkt og vandséð hversvegna það þarf á verðhækkunum að halda á þessum tímapunkti. Stjórnin bendir einnig á mikilvægi þess að komið verði á fót sérstökum jöfnunarsjóði svo íbúum á köldum svæðum verði hægara um vik að bregðast við verðhækkunum. Hugmyndir og útfærslur koma fram í skýrslu sem unnin var fyrir Iðnaðarráðuneytið árið 2011 og fjallaði um breytingar á niðurgreiðslu til húshitunar.
- c) Datacenter Dynamics haldin í London í nóvember 2012.** Framkvæmdastjóri skýrði frá ferð sinni og Arnars Þórs Sævarssonar bæjarstjóra Blönduóss á ráðstefnuna Datacenter Dynamics sem haldin var í London 14.-15 nóvember s.l. Datacenter Dynamics er langstærsti kynningar- og ráðstefnuhaldari á sviði gagnavera í dag. Fyrirlestrar um þróun og tækninýjungar á sviði gagnavera voru haldnir báða dagana auk vörusýningar þar sem hagsmunaaðilar tengdir gagnaveraiðnaði kynntu vörur og þjónustu. Á ráðstefnunni kom skýrt fram hversu mikil samkeppni er milli þjóða um að laða að slíka fjárfestingu. SSNV hefur aðstoðað við gerð kynningarefnis varðandi Gagnaver við Blönduós og er því kynningarefni nú dreift með öðru kynningarefni fjárfestingasviðs Íslandsstofu varðandi gagnaver á Íslandi.
- d) Rekstaryfirlit SSNV og SSNV atvinnuþróunar jan-nóv 2012.** Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir rekstarstöðu eininganna fyrstu 11 mánuði ársins 2012 og skýrði frávik frá áætlun.

**Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:00**      **Jón Óskar Pétursson fundarritari**